Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



# Faxaflóahafnir sf. - Ábendingar

Erna Kristjánsdóttir, markaðs- og gæðastjóri

18. nóvember 2016

# Hvað er ábending?

- Ábending  er tilkynning um allt það sem betur má fara eða vel er gert hjá fyrirtækinu.

- Ábending getur verið hrós, kvörtun eða eitthvað sem getur valdið slysahættu á umráðasvæði Faxaflóahafna.

  Dæmi: Holur í malbiki, lausar hellur, vitlausir reikningar, mengun í sjó, óþrifnaður á svæðum, starfsmenn fari ekki eftir öryggisreglum, hrós um vel unnin störf o.s.frv.

- Ábendingnum er forgangsraðað í samræmi við mikilvægi og kostnað.



Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Sími: +354 525 8900 Fax. +354 525 8990

Fyrirtækið | Hafnarþjónusta | Fundargerðir | Gjaldskrá | Tölulegar upplýsingar | Ýmsar upplýsingar




Í dag | Á morgun | Allt | Skip í höfn | Skemmtiferðaskip

**Komu og brottfarartími skipa**

Uppfært 13:26

| Nafn | Gerð | Staðsetning | Tími | BT |
|---|---|---|---|---|
| WILSON DALVIK | Flutningaskip | Kemur að Grundartanga | 11.11.2016 11:30 | 2545 |
| OTTÓ N ÞORLÁKSSON RE-203 | Fiskiskip | Færsla að Grandabakka | 11.11.2016 13:00 | 879 |
| KRISTRÚN RE-177 | Fiskiskip | Kemur að Grandabakka | 11.11.2016 15:59 | 765 |
| STURLAUGUR H BÖÐVARSSON | Fiskiskip | Kemur að Norðurgarði | 11.11.2016 18:59 | 712 |
| VIGRI RE-071 | Fiskiskip | Kemur að Vogabakka | 11.11.2016 19:59 | 2157 |
| GUÐMUNDUR Í NESI RE-13 | Fiskiskip | Kemur að Skarfabakka | 11.11.2016 23:59 | 2464 |
| BRIMNES RE-27 | Fiskiskip | Kemur að Skarfabakka | 11.11.2016 23:59 | 2846 |

Skemmtiferðaskip | Vefmyndavél | Veðurvefur | Ábendingar









Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Ábendingar

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

**Nafn** ★

**Netfang:** you@example.com ★

**Sími:** ★

**Fyrirtæki:** ★

**Stutt lýsing:** ★

**Nánari lýsing:**

**(smelltu hér til að senda viðhengi)** Choose File No file chosen

**Skráðu stafina sem þú sérð í svæðið fyrir aftan þá** ★

Senda

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



# Faxaflóahafnir sf. - Starfsmannasamtal

Erna Kristjánsdóttir, markaðs- og gæðastjóri
18. nóvember 2016

# Hvað er starfsmannasamtal og hvers vegna er það?

- Starfsmannasamtal á sér stað með reglubundnu millibili. Viðtölin fara yfirleitt fram á ákveðnum tíma einu sinni á ári og fylgt er fyrirfram mótuðu formi.
- Starfsmannasamtal er uppbyggilegt samtal, þar sem gagnkvæmar umræður eiga sér stað, milli stjórnanda og starfsmanns. Umræðurnar eru um allt sem snertir starfið beint eða óbeint.
- Í starfsmannasamtali er fjallað um upplifun einstaklingsins í vinnunni, þ.e. í samhengi við stefnu og markmið fyrirtækisins án þess að fórnað sé persónulegu samhengi daglegra samskipta.
- Starfsmannasamtal er vettvangur til að ræða frammistöðu einstaklings, leggja mat á hana og tengja hana heildarstefnu og markmiðum fyrirtækisins.
- Starfsmannasamtal er vettvangur fyrir starfsmenn og stjórnendur til að setja sér markmið.
- Starfsmannasamtal er krafa í vinnuumhverfi nútímans – kjarasamningsbundið.
- Allar upplýsingar sem koma fram í starfsmannasamtali eru trúnaðarmál.

# Um hvað er rætt í starfsmannasamtali?

- Helstu verkefni og ábyrgðarsvið.
- Frammistöðu í starfi.
- Umbætur.
- Samstarf og samskipti.
- Vinnuaðstæður.
- Starfsánægju og líðan á vinnustað.
- Hæfni og endurmenntun/þjálfun.
- Atriði sem starfsmaður vill koma á framfæri.



# Hvert er markmið starfsmannaviðtals?

- Efla upplýsingamiðlun, samstarf og viðhorf milli starfsmanna og stjórnenda sem stuðla að farsælum samskiptum þeirra á milli.
- Bæta þekkingu aðila á aðstæðum og sjónarmiðum hvors annars.
- Stuðla að aukinni starfsánægju og bæta vinnuaðstæður, sé þess þörf.
- Meta reynslu, þekkingu og hæfni starfsmanns.
- Meta hvort þörf sé á frekari fræðslu eða þjálfun.
- Ræða framtíðaráform og setja sér markmið.



# Hvernig setja starfsmenn sér markmið?

**Verkefnamarkmið**

- Tengjast ákveðnum hlutum starfsins.
- Tengjast forgangsröðun verkefna og mikilvægi þeirra.
- Tengjast hvaða árangri skuli náð í starfi.

**Persónuleg markmið**

- Geta verið mismunandi eftir aldri starfsmanna sem og starfsaldri.
  - tengjast starfsþróun og þjálfun
  - tengjast oft starfsánægju og samskiptum

## SMART AÐFERÐAFRÆÐIN

- **S** – Skýr - markmið taki mið af starfsemi fyrirtækisins
- **M** – Mælanleg - fyrirtæki geti sett mælikvarða fyrir markmið
- **A** – Almenn samheldni um að ná markmiðum
- **R** – Raunhæf - markmið skulu vera ögrandi en mögulegt að ná
- **T** – Tímasett - markmiðum skal lokið fyrir ákveðin tímamörk

# Ávinningur starfsmanna og stjórnenda af starfsmannasamtali

**Starfsmenn**

- Allir starfsmenn metnir út frá sömu forsendnum.
- Aukin áhrif á eigið starf.
- Aukin áhugi og skilningur á starfinu.
- Aukin áhrif á endurmenntun.
- Endurgjöf um árangur í starfi.
- Betri tengsl við stjórnendur.



**Stjórnendur**

- Góður möguleiki á að kynna starfsmanni markmið og stefnu fyrirtækisins.
- Nánari kynni af starfsmanni.
- Betri samvinna milli stjórnenda og starfsmanna.
- Betri grundvöllur fyrir framtíðarskipulagningu.
- Réttur maður á réttum stað.
- Getur komið í veg fyrir deilur milli einstaklinga.




**Velgengni Faxaflóahafna sf. byggir á góðu og samviskusömu starfsfólki !**
**Þökkum vel unnin störf og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.**